

ÁRSSKÝRSLA 2019



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

ÁRSSKÝRSLA 2019

EFNISYFIRLIT

ÁVARP REKTORS	4
STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR SKÓLANS	6
HÁSKÓLASKRIFSTOFA	7
NEMENDUR	12
STARFSFÓLK	14
HÚSNÆÐISMÁL	15
FJÁRMÁL	16
STARFSEMI DEILDA	18
Myndlistardeild	19
Hönnunar- og arkitektúrdeild	21
Tónlistardeild	23
Listkennsludeild	27
Sviðslistadeild	29

ÁVARP REKTORS

I

Í upphafi árs 2019 kynnti Listaháskóli Íslands til sögunnar nýja stefnu fyrir árin 2019 til 2023. Starfsemi ársins 2019 mótaðist því að miklu leyti af vinnu við innleiðingu og eftirfylgni stefnunnar og þeirra megin áherslna sem þar voru lagðar fram ásamt aðgerðaáætlun. Samhliða því var lagður kraftur í innleiðingu nýs skjalavistunarkerfis og jafnlaunakerfis.

Árið einkenndist enn fremur af umtalverðum breytingum á starfsemi Listaháskólans í Laugarnesi, enda 2019 fyrsta heila árið þar sem þar voru þrjár deildir til staðar með alla sína starfsemi. Augljóst er að mikill styrkur er af návígí deilda undir einu þaki, möguleikar á samstarfi hafa aukist, skilningur og þekking á vinnubrögðum ólíkra listgreina eflst sömuleiðis. Á sama tíma og hægt var að fagna slíkri samlegð, þurfti einnig að huga að þeim deildum sem ekki búa við kosti slíks návígis, þ.e.a.s tónlistardeild, sem starfar í Skipholti og hönnunar-og arkitektúrdeild sem, ásamt skrifstofum Listaháskólans, er staðsett í Þverholti.

Óþreyja nemenda og starfsfólks eftir framtíðarlausn á húsnæðismálum skólans, þar sem öll starfsemi fer undir eitt þak í faglegrí og fullhannaðri byggingu, hefur því aukist fremur en dvínað. Slík bygging er forsenda þess að Listaháskólinn fái fullnýtt þann slagkraft sem í honum býr samfélagini til heilla á tímum þar sem mjög er horft til lista og skapandi greina við mótu nánustu framtíðar.

II

Fjórar af fimm deildum Listaháskólans fóru í gegnum sjálfsmatsferli árið 2019, en fyrirhugað er að hönnunar- og arkitektúrdeild ljúki sínu sjálfsmati árið 2020. Rétt eins og fyrr hefur sjálfsmatið verið mikilvægur þáttur í gæðastarfi og hvati til að endurskoða aðferðir, hugmyndafræði og kennslufræðilegar áherslur eftir því sem við á. Þátttaka í sjálfsmatsvinnunni var undantekningarálaust mjög góð og tóku starfsmenn, nemendur, hag- og fagaðilar vinnunni fagnandi og þeim góðu athugasemdum og samræðum sem áttu sér stað á milli fagsviða og þeirra erlendu sérfræðinga sem sóttu okkur heim til að deila sinni þekkingu.

Einnig var ánægjulegt að njóta samtals um þann ávinning og gæði sem tekist hefur að byggja upp í gegnum tíðina í námi og kennslu. Samtal við erlenda sérfræðinga leiddi einnig í ljós styrk þeirrar sérstöðu sem Listaháskóli Íslands geginn sem fræðamiðstöð fyrir allar greinar lista, utan kvíkmyndagerðar, á bakkalár og meistarastigi hér á landi. Er þá horft sérstaklega til sterkra tenginga námsins við íslenskt samfélag hvort heldur litið er til nærumhverfis stofnunarinnar eða landsbyggðarinnar.

Þess má einnig geta í þessu samhengi að alþjóðlegt samstarf stendur einnig með miklum blóma og er mjög umfangsmikið ef horft er til stærðar stofnunarinnar.

III

Á vormánuðum 2019 hófst loks undirbúnингur stofnunar kvíkmyndadeilda við Listaháskólann en kvíkmyndagerð er, eins og áður var getið, eina listgreinin sem ekki er enn kennd á háskólastigi hér á landi. Undirbúningsvinnan var hafinn að ósk stjórnvalda með miklum meðþyr úr fagsamfélagi kvíkmyndagerðarfólks sem vill gjarnan njóta þeirra sóknarfæra sem fólgin eru í samslætti við háskólanám í öðrum listgreinum og rannsóknum þeim tengdum.

Aðilar úr öllum þáttum kvíkmyndagerðar voru kallaðir til samráðs um áherslur og við þarfagreiningu, en að auki var efnt til eins dags ráðstefnu um málefnið þar sem þátttaka fór fram út björtustu vonum. Undirbúningsvinnan gekk því mjög vel og leiddi undantekningarálaust í ljós ríka þörf og samstöðu um áformin. Fyrirhugað er að náminu verði ýtt úr vör haustið 2021.

Árið 2019 var ein ný námsbraut sett af stað í listkennsludeild Listaháskólans, meistaranaám í kennslufræðum til MA eða M.Ed. gráðu.

IV

Ekki er hægt að skilja við árið 2019 án þess að nefna þrónga rekstrarstöðu Listaháskólans. Því þrátt fyrir að sú mikla eftirspurn og ásókn í það nám sem boði er upp á sé uppörvandi, er erfitt fyrir alla þá sem eiga veg og vanda af því að halda uppi framsæknu námi í háum gæðum í Listaháskólanum að búa við aðstæður sem ekki teljast viðunandi í samanburðarskólum nágrannalandanna. Það er ekkert launungamál að þær stöðugu hrókeringar sem grípa hefur þurft til í húsnæðishrakningum undanfarinna ára hafa kostað umtalsverða fjármuni sem farsælla hefði verið að verja í uppbyggingu náms, kennslu og rannsókna.

En jafnvel þótt ekki hafi tekist að sjá fyrir tímálinu um slíka framtíðaruppbyggingu á árinu 2019 gefur samtal það sem stjórnendur Listaháskólann hafa átt við stjórnvöld í gegnum stýrihóp mennta- og menningarmálaráðuneytisins undanfarin tvö ár þó fyrirheit um aukinn skilning á því hversu brýnt er að hefjast handa við uppbyggingu slíkrar miðstöðvar listmenntunar á háskólastigi hér á landi.

Fríða Björk Ingvarsdóttir

Fríða Björk Ingvarsdóttir,
rektor Listaháskóla Íslands



STJÓRN, RÁÐ OG NEFNDIR

Stjórn

Stjórn Listaháskóla Íslands fer með æðsta ákvörðunarvald innan skólans og yfirumsjón málefna er varða skólann í heild. Stjórn er skipuð fimm mönnum til þriggja ára í senn, og hefur enginn þeirra framfæri sitt af starfi við skólann eða stundar nám við hann. Mennta- og menningarmálaráðherra tilnefnir two menn í stjórnina en þrír eru kjörnir á aðalfundi Baklands Listaháskóla Íslands. Stjórn hittist mánaðarlega yfir skólaárið.

Stjórn Baklands Listaháskóla Íslands skipaði vorið 2019 Karen Maríu Jónsdóttur, forstöðumann Höfuðborgarstofu, í stjórn Listaháskólans til ársins 2022. Hún tók við af Rúnari Óskarssyni. Stjórn Listaháskóla Íslands skipa nú: Magnús Ragnarsson, stjórnarformaður, Áslaug María Friðriksdóttir, varaformaður, Guðrún Björk Bjarnadóttir, Ólafur Sveinn Gíslason og Karen María Jónsdóttir.

Framkvæmdaráð

Framkvæmdaráð er samráðsvettvangur helstu stjórnenda skólans, en í framkvæmdaráði sitja rektor, framkvæmdastjóri og deildarforsetar. Framkvæmdaráð undirbýr tillögur að stefnu fyrir skólann í helstu málefnum og er bakhjarl rektors í daglegri stjórn. Framkvæmdaráð kemur að öllu jöfnu saman vikulega yfir skólaárið.

Fagráð

Fagráð hefur verið starfandi við skólann síðan árið 2009 en það er samráðsvettvangur um akademisk málefni. Fagráðið kemur saman að öllu jöfnu einu sinni í mánuði. Meðlimir eru ellefu, en deildarforsetar eiga þar nú einn fulltrúa, nemendur two, auk þess sem rektor situr í fagráði. Fagráðið kys sér formann.

Samráðsvettvangur stoðsviða

Samráðsvettvangur stoðsviða er skipaður forstöðumönnum sviða skólans auk rektors og framkvæmdastjóra. Samráðsvettvangurinn fundar einu sinni í mánuði um málefni stoðsviða.

Nemendaráð

Í hverri deild er starfandi nemendafélag sem hefur það hlutverk að sinna málum sem varða hagsmuni nemenda. Nemendaráð Listaháskóla Íslands er skipað formönnum nemendafélaganna. Nemendaráð skipar í nefndir og ráð eftir tilnefningum nemendafélaga. Nemendaráð fundar reglulega með rektor yfir skólaárið.

Nefndir

Á árinu voru starfræktar rannsóknarnefnd og kennslunefnd sem heyra undir fagráð. Einnig voru starfandi jafnréttisnefnd, umhverfisnefnd, hæfisnefnd og úrskurðarnefnd um réttindamál nemenda. Öryggisnefnd tók einnig formlega til starfa á árinu.




HÁSKÓLASKRIFSTOFA


Alþjóðlegt samstarf

Listaháskólinn tekur virkan þátt í alþjóðlegu samstarfi og leggur áherslu á að byggja upp samstarf við háskólastofnanir og fagumhverfi erlendis. Stór hópur nemenda tekur hluta náms síns erlendis og nemendur víðsvegar að stunda nám við Listaháskólann. Skólinn leggur áherslu á að veita öllum nemendum tækifæri til að takast á við verkefni og áskoranir í alþjóðlegu og fjölmennigarlegu umhverfi, sem og að bjóða upp á námsumhverfi fyrir fjölbreytilegan og fjölmennigarlegan hót. Á hverju ári hljóta um 100 nemendur styrki til skiptináms eða starfsnáms. Starfsfólk skólans bjóðast einnig styrkir til kennaraskipta eða starfsþróunar erlendis. Skólinn hefur einnig hlotið styrki til að bjóða til sín gestakennurum úr fagumhverfinu. Markmið styrkjanna er að auka tengsl háskóla og fagvettvangs með það að leiðarljósi að þróun náms taki í auknum mæli mið af þörfum atvinnulífs og samfélags. Með þátttöku í norrænum samstarfsnetum og alþjóðlegum verkefnum vex tengslanet skólans en þar gegna menntaáætlunar Erasmus+ og Nordplus veigamiklu hlutverki.

Skiptinám 2014 til 2019



Starfsnám 2014 til 2019



Um þessar mundir leiðir Listaháskólinn eitt stefnumiðað samstarfsverkefni og er þátttakandi í tveimur til viðbótar. Öll verkefnin hafa hlotið styrk frá Erasmus+ menntaáætluninni. Verkefnið sem LHÍ leiðir ber heitið Listskópun og samvinna: Leiðir að virkni og velferð (e. Social inclusion and Well-being through the Arts and Interdisciplinary Practices (SWAIP)). Verkefni sem skólinn tekur þátt í að auki eru Beyond Art Disciplines (BAD) sem tónlistar- og sviðslistadeild LHÍ vinnur að í samstarfi við Listaháskólann í Stokkhólmi og Hanze University of Applied Sciences í Groningen, Hollandi, auk verkefnisins Alexandria Nova sem er samstarf sjö sviðslistaháskóla í Evrópu á sviði þróunar náms og kennslu í leikstjórn. Ernst Busch sviðslistaháskólinn í Berlin leiðir verkefnið.

Listkennsludeild LHÍ leiðir SWAIP verkefnið í samstarfi við Háskólann í Porto, Háskólann í Alicante, Háskólann í Herfordshire, Myndlistarakademíuna í München, Metropolia háskólann í Helsinki og AEC samtök tónlistarháskóla í Evrópu. Um er að ræða tveggja ára verkefni til þess að þráða námsefni og námskrá að nýrri námslínu á meistarastigi. Námið er sniðið að listamönnunum sem hafa áhuga á að styrkja félagslega þátttöku, virkni og vellíðan einstaklinga í sínum störfum. Markmiðið er að þráða nýjar leiðir í þverfaglegrí samvinnu listamanna, heilbrigðis- og skólaþófks, sem nýtast í störfum þeirra við þær sibreytilegu aðstæður og fjölbreyttu flóru einstaklinga sem það vinnur með.

Á þeim tveimur árum sem þróunarhluti verkefnisins stendur eru skipulagðir fundir og námskeið þar sem þátttakendur frá ólíkum listgreinum og skólum, meðferðaraðilar, nemendur og kennarar mynda námssamfélag í samvinnu og samtali við sérfraeðinga af heilbrigðissviðinu. Stærstu viðburðir verkefnisins eru tvær vinnuvíkur þar sem þátttakendur úr öllum þeim hópum sem nefndir eru að ofan hittast til að vinna saman að verkefni. Fyrra verkefnið fór fram á Spáni þar sem unnið var með fólk með alzheimer í samstarfi við Háskólann í Alicante og heilabilunardeild háskólasjúkrahússins Virgen de la Arrixaca í Murica. Seinna verkefnið var skipulagt af Listaháskólanum í samstarfi við Borgarholtskóla þar sem unnið var með ungu fólk í Íslandi sem er áhættuhópi vegna brottafals úr framhaldsskóla.

Bæði námskeiðin sköpuðu mikilvægan vettvang tilrauna þar sem kannaðar voru nýjar leiðir í námi og miðlun á þverfaglegum grunni.

SWAIP er þriðja samstarfsverkefnið sem skólinn leiðir á fimm ára tímabili. Þátttaka í Erasmus+ samstarfsverkefnum hefur fært Listaháskólanum dýrmæta þekkingu og reynslu í þróun náms og kennslu.

Bókasafns- og upplýsingaþjónusta

Bókasafn Listaháskóla Íslands er stærsta sérfræðisafn landsins á svíði listgreina. Það er háskólabókasafn sem einnig er opioð almenningi. Safnið er í tveimur byggingum skólangs; í Þverholti er safnkostur á svíði hönnunar, arkitektúrs, tónlistar og svíðslista og í Laugarnesi er safnkostur á svíði myndlistar, listkennslu og svíðslista. Skipting safnkostsins miðast við staðsetningu deilda skólangs með þeirri undantekningu að safnkostur fyrir svíðslistir er hvorú tveggja í Laugarnesi, þar sem eru óútgefin leikhandrit, og í Þverholti þar sem eru útgefin rit á svíði svíðslista. Stefnt er að því að allur safnkostur fyrir svíðslistir verði í Laugarnesi enda fer kennsla á því svíði fram þar. Í Þverholti er safnið á efstu hæð og þar er aðstaða til bæði einstaklings- og hópavinnu en líka er lögð áhersla á að bjóða notendum og gestum safnsins að setjast niður og fletta í tímaritum og bókum eða jafnvel bara að njóta útsýnisins. Aðstaða safnsins í Laugarnesi er mun þrengri en í Þverholti og því mjög takmarkað rými fyrir vinnu á safninu og með safngögnin.

Nýr forstöðumaður bókasafnsins hóf störf í apríl og í október var ráðinn upplýsingafræðingur í lausa stöðu. Á safninu starfa, auk forstöðumanns, þrír upplýsingafræðingar og einn listfræðingur.

Starfsemi bókasafns- og upplýsingaþjónustu LHÍ tekur mið af því að safnið sé háskólabókasafn og er aðfanga aflað eftir óskum og þörfum deilda skólangs. Keypt eru rit í tengslum við kennslu sem tilheyra námsbókasafni ásamt töluverðu ítarefni á sérsviðum skólangs en jafnframt er bókasafnið áskrifandi að nokkrum tugum tímarita. Notendur eru að mestu nemendur og starfsmenn LHÍ en einnig nemendur annarra menntastofnana sem og almenningur. Auk útlánaþjónustu annast safnið millisafnalánaþjónustu sem felst að stórum hluta í að afla gagna fyrir notendur LHÍ en önnur bókasöfn leita einnig eftir að fá gögn bókasafns LHÍ lánuð fyrir sína notendur.

Upplýsingaþjónusta bókasafnsins er annars vegar í formi einstaklingsviðtala með leiðsögn um heimildaleit í gagnasöfnum og tímaritum og hins vegar í formi fræðslufunda með nemenda-hópum um leitaraðferðir sem skipulagðir eru í samráði við kennara. Unnið er að því að efla upplýsingaþjónustuna, meðal annars með því að veita greiðari aðgang að upplýsingum um gagnasöfn og tímarit á vef bókasafnsins sem og að bæta leiðbeiningar og auka fræðslu í upplýsingalæsi í samræmi við viðmið um æðri menntun og prófgráður.

Námsþjónusta

Námsþjónusta hefur það meginhlutverk að sjá um sameiginleg málefni sem tengjast námi nemenda. Námsstjóri, deildarfulltrúar, þjónustufulltrúar og móttökufulltrúar vinna í námsþjónustunni og sjá um miðlæg verkefni eins og umsóknar- og inntökuferli, skráningar, bókanir og umsjón með stofum, stundaskrár, nemendaskírteini og útskriftargögn. Einig annast námsstjóri ýmis mál sem tengjast stjórnsýslu skólangs og gæðamálum svo sem endurskoðun og útgáfu skóladagatals, mat á fyrra námi og þróunarvinnu á nemendabókhalds- og kennsluvef skólangs.

Náms- og starfsráðgjafi starfar innan námsþjónustunnar og hefur það að markmiði að efla vitund einstaklinga um viðhorf sín, áhuga og hæfileika þannig að þeir fái notið sín í námi. Jafnframt er lögð er áhersla á að styrkja nemendur með því að veita stuðning tengdum:

- tækifærum og ögrunum í námi
- andlegri líðan og heilbrigðum lífsstíl
- samskiptum við nemendur og starfsfólk
- framtíðarsýn og tækifærum

Gæði, kennsla og rannsóknir (GKR)

Starfsemi á svíðinu komst í nokkuð fastar skorður á árinu eftir þróunartímabil undanfarinna missera. Á svíðinu starfar svíðsstjóri, auk verkefnastjóra kennslu og verkefnastjóra rannsókna.

Svíðið fer með umsýslu og stjórnum rannsókna, kennslu og gæðamála háskólans. Í því felst framkvæmd og úrvinnsla innri kannana um gæði náms og kennslu, mótnun og innleiðing verkferla, söfnun lykiltalna, framkvæmd og eftirfylgni innri kannana, stuðningur við kennslu og kennslu-þróun akademískra starfsmanna, umsjón með birtingu kennsluskrár á vef, uppfærsla og reglu-bundin

endurskoðun regluverks, innra mat rannsókna, stuðningur við rannsóknir fastráðinna akademískra starfsmanna, sem og umsýsla með innri styrktarsjóði. Einnig er Opni Listaháskólinn hýstur á sviði GKR. Þá er veigamikill þáttur í starfi sviðsins innleiðing nýrrar rammaáætlunar um eflingu gæða í íslensku háskólastarfí (QEF2), stuðningur við sjálfsmat deilda og innri matsferli á gæðum háskólastarfsins, jafnt faglegu starfi sem stoðþjónustu.

Gæðastarf

Markmið alls gæðastarf við skólann er umbótamiðað og ætlað að efla gæði kennslu, rannsókna og stjórnarunárháttu við skólann.

Tvær deildir Listaháskólans fóru í gegnum sjálfsmatsferli árið 2019, listkennsludeild og sviðslistadeild. Sjálfsmatsskýrslur allra deilda eru birtar á vef skólans.

Tillögur að stofnun fjögurra nýrra námsbrauta bárust GKR á árinu, auk endurskoðunar fimm námsbrauta. Þá veitti sviðið stuðning við undirbúning stofnunar nýrrar kvíkmyndadeilda, sem fyrirhugað er að verði stofnsett haustið 2021.

Sviðsstjóri GKR er fulltrúi skólans í Ráðgjafarnefnd Gæðaráðs íslenskra háskóla.

Kennsla

Innri kannanir sem lagðar eru reglulega fyrir eru einkum þrjár; kennslumat, sem lagt er á flest námskeið háskólans eftir að þeim lýkur; námslokakönnun, sem lögð er fyrir útskriftarárganga að vori; og reglubundnar hollnemakannanir, sem lúta að afdrifum þeirra sem lokið hafa námi frá háskólanum. Þessi gögn eru nýtt í stefnumótun og í þróun innra starfs, einkum í sjálfsmati og reglubundinni endurskoðun námsframboðs. Áhersla var lögð á að þróa leiðir til eftirfylgni með niðurstöðum þessara kannana.

Kennarakaffi er haldið að jafnaði einu sinni í mánuði og er óformlegur vettvangur fyrir akademískra starfsmenn þar sem kennsla og kennsluhættir eru til umfjöllunar.

Í upphafi hverrar haustannar er Undirbúnings-dagur kennara haldinn og sér GKR um skipulagn-ingu hans. Fjölmennning og alþjóðavæðing við Listaháskólann voru tekin fyrir á undirbúningsdegi 2019 og hafa áfram verið áherslumál vetrarins í kennsluþróun.

Á árinu átti sér stað töluverð þróun í breytingum á námsmati. GKR veitti mikilvægan stuðning í deildum við innleiðingu nýs námsmatskerfis, þar sem „staðið/fallið“ var tekið upp í stað einkunnagjafar. Verkefni næstu missera verður að meta áhrifin af þessum breytingum á gæði náms og kennslu og upplifun nemenda af náminu.

Þá fór fram gagner endurskoðun á hæfniviðmiðum skólans á árinu. GKR veitti því verkefni forgöngu með kennslunefnd Listaháskólans.

Rannsóknir

Meðal helstu viðfangsefna eru utanumhald og eftirfylgni með skráningu á afrakstri og stuðningur við rannsóknaverkefni sem hýst eru við skólann, auk þess sem stuðningur við alþjóðleg rannsókna, og samstarfsverkefni hefur orðið fyrirferðameiri á sviðinu. Listaháskólinn hýsir nú tvö rannsóknarverkefni sem hlotið hafa styrki úr Rannsóknarsjóði Rannís. Öðru þeirra, verkefni Guðmundar Odds Magnússonar, rannsóknarprófessors, Sjónarfur í samhengi, líkur haustið 2020, en verkefni Bryndísar Snæbjörnsdóttur, prófessors í myndlist, Ísbirnir á Villigötum, hófst vorið 2019 og lýkur í árslok 2021. Merkja má vaxandi vitund meðal akademískra starfsmanna sem sinna rannsóknum gagnvart möguleikum þess að efla og styrkja rannsóknarviðfangsefni sín, úrvinnslu og miðlun þeirra með stuðningi ytri styrktarsjóða, bæði hér á landi, á Norðurlöndunum og í Evrópu. Tveir akademískir starfsmenn háskólans taka þátt í alþjóðlegum rannsóknarverkefnum, sem styrkt eru af Horizon 2020 áætlun Evrópusambandsins; Katrín María Káradóttir, fagstjóri í fatahönnun, í verkefninu FishSKIN og Bryndís Snæbjörnsdóttir, prófessor í myndlistardeild, í verkefninu FEINArt. Verkefnastjóri rannsókna styður við umsóknagerðir með yfirlestri og utanumhaldi.

Rannsóknasjóður LHÍ auglýsti í fyrsta sinn eftir umsóknum vorið 2019. Styrkir voru veittir til þriggja rannsóknaverkefna. Þá voru veittir þrír styrkir úr Útgáfusjóði LHÍ og var það í sjötta sinn sem úthlutað var úr sjóðnum. Einnig voru að venju tvær úthlutanir úr Starfsþróunarsjóði akademískra starfsmanna, á haust- og vormisseri. Samanlögð fírahæð sem úthlutað var úr þessum þremur innri styrktarsjóðum Listaháskólans nam tæpum fimm milljónum króna.

Tveir akademískir starfmenn hlutu rannsóknarleyfi á skólaárinu; þau Hróðmar I. Sigurbjörnsson, dósent við tónlistardeild, og Bryndís Snæbjörnsdóttir, prófessor við myndlistardeild.

Áfram fer fram þróunarvinna og undirbúningur að innleiðingu sameiginlegs innra matskerfis fyrir skráningar á rannsóknaverkefnum og afrakstri þeirra, CRIS kerfið PURE elsevier, sem nær yfir allt rannsóknarstarf háskóla á Íslandi. Kerfið mun styrkja rannsóknarprófil akademískra starfsmanna skólans og efla miðlun verka þeirra. Er áætlað að innleiðing hefjist við Listaháskólann í árslok 2020.

Listaháskólinn tók þátt í Vísindavöku Rannís í september 2019 og ríkir einhugur um vægi þess fyrir miðlun á rannsóknum á fræðasviði lista til almennings.

Þá hefur sviðið umsjón með framkvæmd árlegrar ráðstefnu skólans um rannsóknir á fræðasviði lista, Hugarflug, sem haldin var í áttunda sinn í febrúar 2019, með góðri þátttöku nemenda, kennara, hagadila af fagvettvangi og sérfraðinga á tengdum sviðum rannsókna.

Verkefnastjóri rannsókna var ráðinn til sviðsins í 50% starfshlutfalli haustið 2019.

Opni Listaháskólinn

Opni listaháskólinn er gátt Listaháskólans út í samfélagið þar sem þekking og reynsla er miðlað út fyrir hefðbundinn nemendahóp. Markmið hans er meðal annars að glæða áhuga almennings á listum og veita sem breiðustum hópi fólks aðgang að þeirri sérþekkingu og aðstöðu sem Listaháskóli Íslands býr yfir. Með tilkomu Opna listaháskólans stóraukast einnig möguleikar starfandi listafólks og hönnuða til símenntunar, starfsþróunar og tengslamyndunar.

Í stefnu Listaháskólans 2019-2023 er sett fram það markmið að Opni Listaháskólinn þróist áfram sem símenntunarleið í samráði við starfandi listamenn og kennara, og að námskeiðum fyrir skilgreinda markhópa verði fjölgæð. Á vorönn var boðið upp á 28 námskeið og á haustönn voru þau 25 talsins, á öllum fagsviðum skólans. Áformað er að setja frekari kraft í þróun Opna Listaháskólans á komandi ári.

Kynningarmál

Á árinu var ráðinn nýr teymisstjóri kynningarmála. Með ráðningunni var lögð aukin áhersla á teymisvinnu í kynningarmálum, viðburðahaldi og ásýnd skólans. Undanfarin ár hafa verkefnastjórar deilda unnið í sifellt nánara samstarfi við kynningarstjóra, sem hefur getið af sér markvissara kynningarstarf og betra utanumhald á opinberum viðburðum skólans.

Að verkefnum kynningarsviðs koma líka nemendur og hollnemar úr hönnunar- og arkitektúrdeild, sem sinna ljósmyndun og gerð veggspjalda og efnisskráa.

Fastir liðir í kynningarstarfi skólans eru meðal annars útskriftarhátfð, heimsóknir í framhalds- og sérskóla, þátttaka í Háskóladeginum og heimsóknir út á land í kjölfar hans. Opinn dagur er haldinn árlega auk þess sem skólinn tekur ávallt vel á móti áhugasönum hópum sem vilja koma í heimsókn. Einnig var kynningarfundum um kennaranám í skólanum haldið áfram og tók kynningarsvið aukinn þátt í þeim í ár.

Pann 10. september fagnaði skólinn því að 20 ár voru liðin frá fyrstu skólastettingu. Blásið var til veislu í öllum húsum og gaf skólinn öllum nemendum og fastráðnu starfsfólk fjölnota bolla í tilefni dagsins. Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, flutti hátiðarávarp við útskriftarhátfð skólans í júní í tilefni af afmælinu.

Í nóvember var efnt til sameiginlegs viðburðar með Landvernd til að stuðla að vitundarvakningu um neyslu og neyslutengd umhverfisáhrif.

Pverfaglegri fyrirlestraröð undir yfirskriftinni Þolmörk var hleypt af stokkunum í haust. Þá var stigið stórt skref í miðlun á efni skólans þegar byrjað var að streyma beint frá völdum viðburðum. Síðan þá hefur skólinn tekið þátt í málþingum, verðlaunaafhendingum og fyrirlestrum með ýmsum samstarfsaðilum. Sem dæmi var beint streymi frá afhendingu Hönnunarverðlaunanna 2019 í Iðnó.

Á kynningarsviði er fjölmörg verkefni í þróun, t.d.

- Hlaðvarp í samvinnu við bókasafn Listaháskólans
- Þverfagleg nálgun í kynningu á námsframbodí
- Fræðslumyndbönd fyrir starfsfólk
- Kynningarmyndbönd fyrir starfsfólk
- Upplýsingaveita innihúss

Mannauðsstjórnun

Meðal fastra verkefna mannauðssviðs eru nýráðningar, umsjón með framgangi í starfi, starfsmannasamtöl, stjórnendastuðningur, starfsþróun og framkvæmd viðhorfskönnumnar. Á árinu var einnig nokkuð um endurskoðun og þróun á reglum og skipulagi sem ná til starfsumhverfisins og má þar nefna reglur um akademísk störf, síðareglur, jafnréttisáætlun LHÍ 2019-2022, stofnun öryggisnefndar og vinnu við jafnlaunavottun. Auk fyrrgreinds vann mannauðsstjóri einnig að mótnun og útgáfu á Stefnu LHÍ 2019-2023 sem gefin var út á árinu. Þess má geta að starfs- hlutfall mannauðsstjóra fór úr 50% í 100% þann 1. ágúst 2019.

A árinu voru auglýstar 13 stöður lausar til umsóknna, þar af fjórar stöður á stoðsviðum og níu stöður háskólakennara. Umsóknir um auglýstar stöður á stoðsviðum voru alls 60 og þar af var 19 umsækjendum boðið til viðtals. Umsækjendur um auglýstar stöður háskólakennara voru alls 54 og 28 umsækjendum sem hlutu hæfi var boðið til viðtals.

Fjórir akademískir starfsmenn hlutu framgang í starfi. Einn hlaut framgang úr stöðu aðjúnkts í stöðu dósents, tveir úr stöðu lektors í stöðu dósents og einn úr stöðu lektors í stöðu prófessors.

Tvívegis var auglýst eftir umsóknum um styrki í starfsþróunarsjóði. Þrjátíu og fimm umsóknir bárust og voru 20 styrkir veittir.

Viðhorfskönnum starfsfólks sýndi annað árið í röð umtalsvert jákvæðari niðurstöður gagnvart álagi í starfi, húsnaði og aðstöðu en þeir þættir ásamt starfskjörum höfðu fyrri ár skilað neikvæðustu niðurstöðunum. Að öðru leyti birta niðurstöður líkt og fyrri ár jákvætt viðhorf gagnvart þátttöku í stefnumótun, stuðningi og stjórnun, starfsanda, sveigjanleika og sjálfstæði í starfi, upplýsingamiðlun, starfsþróun, jafnrétti og ánægju og stolti af vinnustaðnum en hins vegar neikvætt viðhorf gagnvart starfskjörum.

Undirbúningur að stofnun kvikmyndadeilda

Árið 2012 var gerð úttekt á stöðu kvikmyndakennslu við framhaldsskóla landsins og tengsl við háskólastigið. Í þeirri skýrslu kom fram skýr stuðningur aðila í greininni við háskolanám við Listaháskóla Íslands, þar var þegar til áætlun um stofnun kvikmyndadeilar.

Snemma árs 2019 hlaut Listaháskólinn fjárveitingu frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að þroa kvikmyndanám á háskólastigi. Rektor skipaði stýrihóp í samræmi við feril um stofnun nýrrar deilar, en stýrihópnum var einkum falið að vera til faglegrar ráðgjafar varðandi samanburðarskóla, áherslur í námi og nauðsynlegar fjárfestingar í innviðum, tækjabúnaði og aðstöðu. Ráðinn var verkefnastjóri til að hafa umsjón með þarfa-greiningu og öðrum undirbúningi verkefnisins.

Vorið 2019 fór fram víðtækt samtal og samráð við akademískt starfsfólk, fagaðila í greininni og hugsanlega samstarfsaðila. Í ljós kom víðtækur stuðningur fagfólks við áformin. FArið var til fjögurra landa til að skoða viðurkennda kvikmyndaskóla með það að markmiði að sniða nám hér á landi að þeim aðstæðum sem hér ríkja, en samt sem áður með það að markmiði að námið stæðist fyllilega samanburð við það sem best gerist erlendis. Einnig var haldin alþjóðleg ráðstefna í Listaháskóla Íslands sem bar heitið Stefnumót um kvikmyndanám á háskólastigi, en þar miðluðu málsmetandi erlendir gestir reynslu sinni og þekkingu á uppbyggingu kvikmyndanáms.

Tillaga um stofnun kvikmyndadeilda var kynnt í lok árs. Tillagan gerir ráð fyrir að kennsla á bakkaláristigi í kvikmyndagerð hefjist haustið 2021. Áhersla verður lögð á leikstjórn, handritsgerð, skapandi framleiðslu, kvikmyndatöku og klippingu. Meistaránám í kvikmyndagerð er einnig í þróun.

Háskolanám í kvikmyndagerð mun jafna tækifæri nemenda í þeirri listgrein gagnvart nemendum í öðrum listgreinum sem allar eru nú þegar kenndar á háskólastigi við Listaháskólan. Einnig mun háskolanám í kvikmyndagerð efta fagvettvang kvikmyndagerðar með aukinni hæfni, þeim faglegu gæðakröfum sem gerðar eru til háskólastigsins og rannsóknum í greininni. Nám í þverfaglegum skóla á borð við Listaháslóllann mun skapa umtalsverð tækifæri og ávinning fyrir nemendum í kvikmyndagerð. Jafnframt er ljóst að alþjóðlegt tengslanet Listaháskólans og samningar um alþjóðasamstarf háskólastigsins mun nýtast nemendum í kvikmyndagerð jafnt sem öðrum nemendum skólans.

Með háskolanámi í kvikmyndagerð er stefnt að því að styrkja menningarlega sérstöðu landsins á svíði kvikmyndagerðar rétt eins og raunin hefur verið með aðrar listgreinar sem færðar hafa verið upp á háskólastig.

NEMENDUR


Alls voru 560 virkir nemendur við nám í Listaháskólanum í október 2019, 333 konur og 227 karlar. Nemendur í bakkalárnum voru 411, í meistaranámi 147 og 2 í diplómanámi.

Vorið 2019 bárust 718 umsóknir um nám við skólann. Um haustið hófu 252 nýnemar nám og inntökuhlutfallið var 35,1 % í heild fyrir skólann. Árið 2019 útskrifuðust alls 156 nemendur.


Endurkomuhlutfall nemenda var 86,29% en það er reiknað út frá fjölda nemenda sem hófu nám haustið 2018 og fjölda þeirra sem skilaði sér á annað ár haustið 2019. Alls hófu 12 nemendur nám á eins árs brautum haustið 2018, þ.e.a.s. 7 í meistaranámi í sviðslistum, öll útskrifuðust 2019 og 5 í diplómanámi í listkennslu og þrjú þeirra hafa útskrifast.

Árið 2019 voru fastráðnir starfsmenn á launaskrá skólangs alls 127 í 95 stöðugildum, 80 konur og 47 karlar. Stöðugildi stundakennara á árinu voru 29 en þau eru reiknuð út frá klukkustundum. Höfðatala stundakennara, gesta, leiðbeinenda lokaverkefna, prófdómara og fyrirlesara var rúmlega 400.






Skipting nemenda eftir kyni 2019



Fjöldi virkra nemenda 2019




STARFSFÓLK

Árið 2019 voru fastráðnir starfsmenn á launaskrá skólans alls 127 í 95 stöðugildum, 80 konur og 47 karlar.

Stöðugildi stundakennara á árinu voru 29 en þau eru reiknuð út frá klukkustundum.

Höfðatala stundakennara, gesta, leiðbeinenda lokaverkefna, prófdómara og fyrirlesara var rúmlega 400.

Fjöldi stöðugilda og virkra nemenda, 2014 til 2019




HÚSNÆÐISMÁL

Listaháskólinn starfar í sex byggingum víðsvegar um Reykjavík. Heildarstærð húsnæðis í lok ársins 2019 voru 13.374 fermetrar.

Tvístrað og óhentugt húsnæði er áfram helsta úrlausnarefni í rekstri og akademísku starfi Listaháskólans. Stýrihópur um framtíðarhúsnæði skólans starfaði áfram á árinu 2019. Helsta verkefni hans á árinu var að vinna drög valkostagreiningu sem leggja á fyrir stjórnvöld árið 2020. Árið áður (2018) lauk vinnu við þarfagreiningu. Þarfagreining og valkostagreining eru þær forsendar sem þurfa að liggja fyrir til að taka ákvörðun um uppbyggingu og það er von stjórnar og stjórnendur skólans að árið 2020 dragi til tíðinda í þeim málum.

Húsnæði	Fermetrar
Þverholt 11	4.127
Laugarnesvegur 91	6.773
Skipholt 31	1.613
Austurstræti 22a	665
Völvufell (gallerý)	126
Sölvhólgsgata	70
Alls	13.374



FJÁRMÁL

Heildartekjur Listaháskóla Íslands á almanaksárinu 2019 námu 1.588,2 mkr. á móti 1.432 mkr. á árinu 2018. Þetta er aukning um 156,3 mkr. á milli ára og skýrist hún af auknu framlagi frá ríkissjóði og auknum skólagjaldtekjum vegna fjölgunar nemenda.

Rekstrargjöld námu 1.585,3 mkr. en námu 1.451,1 mkr. á árinu 2018. Þetta er aukning um 134,2 mkr. á milli áranna 2018 og 2019. Mest varð aukning í launakostnaði eða 76,9 mkr. og í húsnæðiskostnaði eða 42,4 mkr. Annar rekstrarkostnaður jókst um aðeins 1,4 mkr. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði reyndist því vera kr. 42,6 mkr. sem er aukning um 35,5 mkr. frá árinu á undan.

Afskriftir námu 39,7 mkr. og fjármagnsliðir voru neikvæðir um 4,4 mkr. Tap ársins reyndist því vera 1,5 mkr. á móti 15 mkr. tapi árið á undan. Bætta afkomu má helst rekja til aukinnar aðsóknar í skólann sem hafði í för með sér umtalsvert meiri tekjur af skólagjöldum.

Frá árinu 2014 hafa bæði húsnæðiskostnaður og launakostnaður Listaháskólans hækkað sem hlutfall af heildarkostnaði en annar rekstrarkostnaður lækkað á móti. Nú er svo komið að annar kostnaður er einungis einn tíundi af heildarkostnaði og nánast ógerningur að lækka hann frekar án þess að það komi alvarlega niður á kjarnastarfsemi skólans.

Gjöld sem hlutfall af heildargjöldum, 2014 til 2019



Rekstrarreikningur ársins 2019

Rekstrartekjur

Tekjur úr ríkissjóði	1.278.377.796
Skólagjöld	276.221.536
Aðrar tekjur	33.614.112
	1.588.213.444

Rekstrargjöld

Laun, launatengd gjöld og verktakagreiðslur	(1.068.494.041)
Húsnæðiskostnaður	(322.133.130)
Annar rekstrarkostnaður	(154.992.428)
Afskriftir	(39.673.156)
	(1.585.292.755)

Rekstrarrafkoma

Fjármunatekjur	2.920.689
Fjármagnsgjöld	1.149.853
Gengismunur	(4.770.905)
	(816.913)

Afkoma ársins (tap)

(1.517.276)



STARFSEMI DEILDA 2018 – 2019



MYNDLISTARDEILD

Í myndlistardeild eru tvær námsbrautir, BA námsbraut í myndlist (180 ECTS) og MA námsbraut í myndlist (120 ECTS).

Markmið deildarinnar er að veita nemendum framúrskarandi menntun á sviði samtímamýndlistar. Til að ná þessu fram er deildin í virku samtalí við fagsamfélag myndlistar hér heima og erlendis. Nemendur fá þjálfun í tækni og helstu miðlum og öfluga fræðakennslu sem helst í hendur við áherslur kennslu í listsköpun. Nemendur þroska sína eigin rödd og geta valið margvísleg námskeið sem efla færni og kunnáttu í hinni fjölbreyttu og víðfeðmu aðferðafræði myndlistararinnar.

Starfsemi deildarinnar efldist og styrktist á tímabilinu. Flutningur sviðslistadeilda í Laugarnes setti svip sinn á skólaárið en hefur þessi fjölgun nemenda og starfsfólks í Laugarnesi styrkt og auðgað starfsemina í húsinu.

Skólaárið 18/19 var hið síðasta þar sem notast var við tölugildi í einkunnum í deildinni. Á vorönn 2019 var unnið að því að undirbúa nemendur og kennara fyrir að fara alfarið yfir í staðið fallið frá og með hausti 2019. Fulltrúi frá skrifstofu gæða, kennslu og rannsókna veitti deildarforseta og fagstjórum mikilvægan stuðning í þessari vinnu. Nemendum var gefinn kostur á að velja á milli þess að halda áfram í því kerfi sem var við lýði er viðkomandi hóf nám en enginn nemandi kaus að ljúka námi með einkunn. Breytingin virðist því falla í góðan jarðveg og verður skólaárið 19/20 ár aðlögunar. Þess ber þó að geta að ekki er um gagngera breytingu að ræða þar sem mikill fjöldi námskeiða í deildinni var þegar með námsmatið staðið/fallið.

Verkstæðin hafa verið í mikilli sókn á undanförnum misserum. Mikilvægt er að efla enn frekar starfsemi verkstæða og opna augu nemenda fyrir þeim möguleikum sem þar liggja. Verkstæðin eru rannsóknarstofur myndlistardeilda. Starfsemi verkstæða í Laugarnesi og Þverholti var samþætt frekar og styrkt á tímabilinu. Ljósmyndastúdíó var því miður lagt niður á skólaárinu í tengslum við flutninga sviðslistadeilda en opnað á nýjan leik á haustönn 2019.

Deildin er opin og sveigjanleg og nemendum gefst kostur á að velja sína leið í gegnum námið hvort sem þeir kjósa að einbeita sér að einum miðli eða afla sér þekkingar á fjölbreyttum sviðum. Nemendur geta valið úr námskeiðum innan myndlistardeilda og annarra deilda LHÍ auk þess sem samstarf við listfræðideild Háskóla Íslands veitir aukna möguleika. Nemendur nýta sér í miklum mæli þá möguleika sem samstarfsnetin ERASMUS+ og KUNO bjóða uppá. Allir nemendur auka með stigvaxandi hætti sjálfstæði sitt á námstímanum og ljúka námi með sjálfstæðri vinnu að lokaverkefni. Útskriftarsýningar myndlistardeilda á bæði BA og MA stigi bera þess vott að hver og einn hefur þroskað sína rödd enda verkin afar fjölbreytt hvað varðar efnistök og miðla.

Lifandi tengsl við fagið eru rík innan deildarinnar sem heldur hinum listrænu sjónarmiðum sífellt vakandi. Þetta hefur verið stefna deildarinnar hingað til og verður svo áfram. Að þessu leyti verður áfram lögð áhersla á að allir kennrarar og annað starfsfólk séu starfandi myndlistarmenn í fremstu röð eða fagfólk á sínu sviði. Það er markmið deildarinnar að hlúa enn frekar að því að allar hinar fjölbreyttu nálganir innan myndlistar fái að njóta sín og að samþætta enn frekar hina fræðilegu og verklegu hlið námsins.

Nemendur

Haustið 2018 stunduðu 93 nemendur nám við myndlistardeild, 60 konur og 33 karlar. Fjórir nemendur voru í námsleyfi og 10 hættu af ýmsum ástæðum. Einn hætti við að hætta og sneri aftur til náms að vori 2019. Einn nemandi í námshléi hóf aldrei nám.

Vorið 2019 stunduðu 95 nemendur nám við myndlistardeild, 62 konur og 32 karlar. Einn nemandi hætti eftir haustönn 2018.

Alls bárust 67 gildar umsóknir um BA nám við deildina og hóf 31 nemandi nám að hausti 2019, þar af 1 skiptinemi sem hóf nám á 1. ári. Alls bárust 22 umsóknir um MA nám við deildina og hófu 9 nám, þar af 1 nemandi á öðru ári sem hafði verið í skiptinámi.


Vorið 2019 útskrifaði myndlistardeild 25 nemendur af BA stigi, 7 karla og 18 konur. Af MA stigi útskrifuðust 7 nemendur, einn karl og sex konur. Einn karl útskrifaðist að hausti 2019.

Haldin voru 79 námskeið á tímabilinu á vegum deildarinnar. 16 fræðanámskeið, 36 vinnustofunámskeið, 4 blönduð námskeið (F og V), 16 námskeið í samstarfi við aðrar deildir LHÍ eða Háskóla Íslands og 7 námskeið töldust til sjálfstæðra rannsóknarverkefna, aðstoðarkennslu eða starfsnáms.

Starfsfólk

Stöðugildi akademískra starfsmanna árið 2018 voru samtals 7,5. Fjögur stöðugildi á BA stigi og 2,5 á MA stigi. Níu manns sinna 7,5 stöðugildum við deildina. Sex akademískir starfsmenn eru í 100% starfshlutfalli, þrír akademískir starfsmenn eru í 50% starfshlutfalli auk deildarforseta sem er í 100% starfshlutfalli. Af akademískum starfsmönnum sinna þrír fagstjórn á BA stigi, einn á MA stigi og tveir fagstjórn í fræðum. Við deildina er starfandi verkefnastjóri í 50% starfshlutfalli. Á verkstæðum voru átta starfsmenn í 3,95 stöðugildum á haustönn 2018. Vídeoárverkstæði er rekið af myndlistardeild en önnur verkstæði eru rekin af myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild sameiginlega. Deildarfulltrúi myndlistardeilda, Edda Kristín Sigurjónsdóttir er í 80% starfi.

Nokkuð var um leyfi starfsfólks á tímabilinu vegna ýmissa verkefna. Deildin býr svo vel að geta leitað til framúrskarandi aðila til afleysinga sem gerir starfið ríkara en ella.



HÖNNUNAR- OG ARKITEKTÚRDEILD

Starfsemi hönnunar- og arkitektúrdeilda veturinn 2018-2019 var með nokkuð hefðbundnu sniði. Áhersla var að lögð á að endurskoða nám á þremur brautum í hönnun, þ.e. grafískri hönnun, vöruhönnun og fatahönnun, en auk þess var lögð áhersla á að byggja upp gott samstarf við valda samstarfsaðila bæði innlands og erlendis, og gefa þannig nemendum tækifæri til að komast í tengsl við atvinnulíf á Íslandi annars vegar og styrkja alþjóðlega vídd námsins. Eins var lögð áhrersla á að styðja við rannsóknir kennara með auknu samtali, miðlun og stuðningi. Hönnunar- og arkitektúrdeild stóð fyrir sýningu og viðburðardagskrá á Hönnunarmars 2019 undir yfirskriftinni Skurðpunktur/Counter-Points en þar kynntu nemendur, kennrarar, hollnemar og gestakennrarar við námsbraut í MA námi ýmis verk sín og rannsóknir.

Á vormisseri 2019 var skipuð nefnd innan deildarinnar með fulltrúum frá öllum námsbrautum til að greina og koma með tillögu að breytingum á námsfyrirkomulagi. Í framhaldi af þeirri vinnu var ákveðið að taka upp nýtt námsmatskerfi og verður það innleitt í áföngum frá hausti 2019. Þetta nýja námsmatskerfi felur í sér aukna áherslu á einstaklingsmiðað nám og leiðsagnarmat. Hefðbundið einkunnarkerfi er afnumið en þess í stað er gefið staðið/fallið og áhersla lögð á leiðsagnarmat sem fer fram bæði á yfirferðum, með einstaklingsviðtolum og skriflegum umsögnum.

Nemendur

Nemendur við deildina voru 163 veturinn 2018-2019. Eru þá aðeins taldir með þeir nemendur sem voru virkir í námi á haustönn 2018. Þar fyrir utan voru 34 nemendur sem voru í námshléi eða höfðu hætt námi á tímabilinu. Þar fyrir utan útskrifuðust tveir nemendur um haustið. Alls voru því skráðir nemendur 199. Rétt tæplega 70% nemenda voru konur og 30% karlar.

Skipting þeirra nemenda sem voru virkir í námi var eftirfarandi:

Arkitektúr	42 nemendur
Grafísk hönnun	60 nemendur
Fatahönnun	22 nemendur
Vöruhönnun	24 nemendur
MA hönnun	15 nemendur



Starfsfólk

Stöðugildi akademískra starfsmanna voru 13,66 og skiptust þau stöðugildi á 21 kennara. Þar fyrir utan voru tveir verkefnastjórar við deildina í samtals einu stöðugildi, einn deildarfulltrúi auk deildarforseta. Starfsmenn deildarinnar voru því samtals 25 veturninn 2018-2019.

Sigrún Alba Sigurðardóttir, lektor í fræðigreinum, var starfandi deildarforseti hönnunar- og arkitektúrdeildar skólaárið 2018-2019 í fjarveru Sigrúnar Birgisdóttur sem var í rannsóknarleyfi á haustönn 2018 og í launalausu leyfi á vorönn 2019.

Fagstjórar veturninn 2018-2019 voru eftirfarandi:

Birna Geirfinnsdóttir, lektor og fagstjóri í grafískri hönnun (100%)

Massimo Santanicchia, dósent og fagstjóri í arkitektúr (100%)


Katrín María Káradóttir, aðjúnkt og fagstjóri í fatahönnun (90%)

Rúna Thors, aðjúnkt, fagstjóri í vöruhönnun (100%)

Anna Dröfn Ágústsdóttir, aðjúnkt og fagstjóri fræða í BA námi (100%)

Garðar Eyjólfsson, dósent og fagstjóri í MA námi (100%)

Þrjár stöður háskólakennara voru auglýstar vorið 2019 og að undangengnu ráðningaferli var Rúna Thors ráðin lektor í vöruhönnun, Ragnar Freyr Pálsson var ráðin dósent í grafískri hönnun og þær Hrefna Björg Þorsteinsdóttir og Hólmfríður Ósmann Jónsdóttir voru ráðnar prófessorar í arkitektúr. Tóku þessar ráðningar gildi 1. ágúst 2019. Vorið 2019 hlaut Katrín María Káradóttir aðjúnkt í fatahönnun framgang í stöðu dósents og Sigrún Alba Sigurðardóttir lektor í fræðigreinum hlaut sömuleiðis framgang í stöðu dósents.



TÓNLISTARDEILD

Meginhlutverk tónlistardeilda er að mennta tónlistarfólk fyrir störf í tónlist á breiðum grundvelli.

Nemendur

Skólaárið 2018/19 voru samtals 116 virkir nemendur við tónlistardeild. 85 nemandi á bakkalárstigi og 31 á meistarastigi: 53 karlar og 63 konur. Flestir nemendur voru skráðir í tónsmíðar (Hljóðfæra/nýmiðla) alls 36. Þar á eftir fylgdu flytjendagreinarnar hljóðfæraleykur/söngur með 29 nemendur. Í Skapandi tónlistarmiðlun voru 10 og nemendur á nýju brautinni Rytmísk söng- og hljóðfærakennsla voru 6 talsins.

Alls brautskráðust 26 nemendur frá tónlistardeild, þar af 2 á vetrarútskrift í janúar 2019. 14 þeirra konur og 12 karlar. 5 nemendur útskrifuðust með meistaragráðu og 21 með bakkalárgráðu.

Starfsfólk

Skólaárið 2018/19 voru fastráðir starfsmenn deildarinnar 27 í 18 stöðugildum: Atli Ingólfsson, Berglind María Tómasdóttir, Björk Jónsdóttir, Einar Torfi Einarsson, Elín Anna Ísaksdóttir, Elísabet Indra Ragnarsdóttir, Gunnar Benediktsson, Gunnsteinn Ólafsson, Hanna Dóra Sturludóttir, Helga Bryndís Magnúsdóttir, Hildigunnur Rúnarsdóttir, Hróðmar I. Sigurbjörnsson, Jesper Pedersen, Kjartan Valdemarsson, Kristinn Sigmundsson, Kristjana Stefánsdóttir, Kristján Karl Bragason, Matthildur Anna Gísladóttir, Páll Ragnar Pálsson, Peter Máté, Richard Simm, Ríkharður H. Friðriksson, Sigurður Flosason, Sigurður Halldórsson, Sveinn Kjartansson, Tryggvi M. Baldvinsson, Úlfar Ingi Haraldsson, Þorbjörg Daphne Hall og Þóra Einarsdóttir. Í ágúst 2018 hlaut Þóra Einarsdóttir framgang í stöðu prófessors í söng og í apríl 2019 hlutu Gunnar Benediktsson og Þorbjörg Daphne Hall framgang í stöðu dósents, í skapandi tónlistarmiðlun annarsvegar og í fræðum hinsvegar, frá og með sama hausti.

ÚR SKÓLASTARFINU

Vinna við sjálfsmatsskýrslu tónlistardeilda í samræmi við aðra rammaáætlun Gæðaráðs Íslands hófst í ágúst 2018. Starfshópur sem skipaður var Þorbjörgu Daphne Hall, Þóru Einarsdóttur og Tryggva M. Baldvinssyni úr hópi starfsfólks deildarinnar og þeim Árna Frey Jónssyni og Braga Árnasyni úr hópi nemenda. Í vinnuferlinu voru kallaðir til ýmsir aðilar úr hópi starfsfólks, nemenda, hollnema og hagaðila. Utanaðkomandi sérfræðingur var Gustav Djupsjöbacka fyrrverandi rektor Sibeliusarakademíunnar. Skýrsluskrifum lauk í desember og er skýrslan aðgengileg á vef LHÍ.

Meistaranámskeið

Viðamikill þáttur í starfi deildarinnar eru masterklassar. Masterklassar hljóðfæra og söngs eru opnir öllum til áheyrnar. Stefna deildarinnar er að auka aðgengi nemenda annarra skóla að masterklössunum, því það er mikilvæg leið til að kynna deildina fyrir væntanlegum umsækjendum í hljóðfæraleyk og söng. Meistaranámskeið urðu rúmlega 80.

Tónleikamasterklassar voru fimm talsins. Þar koma saman nemendur á ýmis hljóðfæri og í söng og njóta leiðsagnar nokkurra kennara, utan skóla sem innan.

Opnir fyrirlestrar og málstofur tónsmíðanema

Í hádegisfyrirlestrum tónlistardeilda kynntu kennrar tónlistardeilda og gestir eigin verkefni, rannsóknir og/eða listsköpun og ræddu um tengsl þeirra við kennslu, listir eða samfélagið. Hádegisfyrirlestrar deildarinnar voru átta. Masterklassar tónsmíða skiptust í opna fyrirlestra og málstofur þar sem nemendur ræða eigin verk. Þessir viðburðir voru alls 17 talsins.

Helstu viðburðir

Skráðir viðburðir á skólaárinu voru um 140; tónleikar, fyrirlestrar, málstofur og opin námskeið.

Helst ber að nefna:

ANMA

Ársþing norrænu tónlistarháskólasamtakanna ANMA (Association of Nordic Music Academies) var haldið í boði tónlistardeildar LHÍ í lok maí 2019. Þema þingsins var þverfagleiki í listum, Exploring the Potential of Cross Arts Collaboration og var að því tilefni boðið fulltrúum úr samstarfsnetum annara listaskóla á Norðurlöndum. Þátttakendur voru um 80 talsins frá öllum Norðurlöndunum auk baltnesku landanna. Meðal fyrirlesara á þinginu voru Wilhelm Carlson frá listaháskólanum í Stokkhólmi og Saga Sigurðardóttir dansari.



Crossing Keyboards

Tónlistardeild LHÍ hefur verið aðili að samstarfverkefni norrænna og baltneskra listaháskóla sem kallast Crossing Keyboards frá árinu 2017. Í samstarfinu felst m.a. að píanónemendur og -kennrar skólanna heimsækja hverjir aðra og halda þar tónleika og meistaránámskeið. Í október 2018 heimsóttu kennrar og nemendur í píanónámi tónlistardeilda kollega sína við Sibeliusar akademíuna í Helsinki. Mánuði síðar endurguldu svo píanónemendur og -kennrar Sibeliusarakademíunnar heimsóknina.

Gleym-mér-ei

Nemendur söngbrautar stóðu fyrir tónleikaröðinni Gleym-mér-ei sem samanstóð af vikulegum hádegis-tónleikum i Listasafni Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Á hverjum tónleikum var eitt þema lagt til grund-vallar efnisskránni. Tónleikarnir urðu 12 talsins sex á hvorri önn.

Grieg-hátið LHÍ og MiT

Nemendur tónlistardeilda LHÍ og Menntaskóla í tónlist héldu hátið helgaða tónlist Edvard Griegs í mars. Fjölbreytileg tónlist eftir norska tónskáldið hljómaði þar í meðfórum ungra tónlistarmanna á þrennum tónleikum í Kirkju óháða safnaðarins en auk þess héldu söngvarinn Harald Björkøy, prófessor við Grieg akademíuna í Bergen og píanóleikarinn Jorunn Marie Bratlie, prófessor við tónlistarháskólann í Oslo tónleika og masterklassa.

Rannsóknarstofa í tónlist

Rannsóknarstofa í tónlist (RÍT) framfylgir rannsóknarstefnu tónlistardeilda. RÍT styður við rannsóknar-verkefni deildarinnar og skapar vettvang til miðlunar, meðal annars með fyrilestraröð og vefritinu Práðum.

4. tölublað veftímaritsins Práða kom út í apríl með 12 greinum eftir 13 höfunda sem komu úr röðum kennara, stundakennara og annara tónlistarmanna. RÍT stóð jafnframt að 3 málstofum; Um hringflautu Brynjars Sigurðarsonar og Veroniku Sedlmair, um listrannsóknir Marko Ciciliani og Barböru Lüneburg og áðurnefndri málstofu um samstarfsverkefni á vegum NAIP.

Training Artists Without Borders

A haustdögum 2018 lauk tveggja ára samstarfsverkefni meistaránáms í sköpun, miðlun og frumkvöðla-starfi (NAIP) með nokkrum skólum og menningarstofnunum í Evrópu og Asíu. Frá september 2016 – september 2018 hittust listamenn frá öllum heimshornum með reglulegu millibili með það að markmiði að þróa leiðir og þekkingu til að byggja upp listnám sem tekst á við þann breytta veruleika sem blasir við listamönum framtíðarinnar. Innan verkefnisins, sem styrkt var af ERASMUS+ áætluninni, tókust þrír hópar á við þrjú ólik en þó náskyld viðfangsefni; þverfaglega samvinnu í listnámi, leiðsagnar-nám (mentoring), og nám í stafrænu umhverfi. Í nóvember 2018 var afrakstur verkefnisins kynntur opinberlega á málstofu RÍT í tónlistardeild LHÍ.

Ungir einleikarar

Í lok október 2018 fór fram hin árvissa samkeppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands um að fá að koma fram með hljómsveitinni. 15 hljóðfæraleikarar og söngvarar skráðu sig til keppninnar og valdi fjöл skipuð dómnefnd fjóra sigurvegara og komu þau fram á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Eldborgarsal Hörpu í janúar 2018. Þetta voru þau: Guðbjartur Hákonarson, fiðluleikari, Harpa Ósk Björnsdóttir, söngkona, Hjörtur Páll Eggertsson, sellóleikari og Silja Elsabet Brynjarsdóttir, söngkona. Þau komu fram á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í janúar 2019 undir stjórn Ligiu Amadio.

BAD

(Beoynd Art Disciplines) er stefnumiðað samstarfsverkefni sem fjármagnað er með styrk úr sjóði ERASMUS+, úr floknum Strategic Partnership. Líkt og heitið BAD ber með sér snýst verkefnið um þverfaglega nálgun í listum, markmiðið er að þróa leiðir og aðferðir sem nýst geta í þverfaglegu listnámi. Verkefnið hófst haustið 2018 og stefnt er á að því ljúki haustið 2020. Að verkefninu standa þrír listaháskólar, Hanze Minerva Art Academy í Groningen og Listaháskólinn í Stokkhólmi auk Listaháskóla Íslands en Listaháskólinn í Stokkhólmi hefur formlega umsjón með verkefninu. Innan LHÍ eru sviðslistadeild og tónlistardeild þátttakendur í BAD.

NAIP sumarskóli

Nýnemar NAIP sóttu hið hefðbundna IP upphafsnámskeið sem var að þessu sinni haldið í Zeerjip í Hollandi. Fjöldi gestakennara og um margir nemendur úr öllum skólunum sóttu námskeiðið. Sigurður Halldórsson, Þóra Einarsdóttir og Berglind María Tómasdóttir voru fulltrúuar Listaháskólangs í kennaraliði námskeiðsins. Þetta námskeið markaði endapunktinn á tveggja ára NAIP verkefninu Training Artists Without Boarders.

Kennara- og nemendaskipti

Það er litið á skiptinám sem mikilvægan lið í námsferli nemenda tónlistardeilda. Deildin hvetur til skiptináms og tekur námsskipulag mið af því. Á skólaárinu 2018 - 19 fóru 6 nemendur utan og 7 erlendir skiptinemar stunduðu nám við tónlistardeild á árinu, þar af tveir nemendur sem voru allt kennsluárið. Þátttaka Listaháskólsins í ERASMUS+ Menntaáætlun Evrópusambandsins og Nordplus Menntaáætluninni veitir nemendum skólangs tækifæri til að sækja um styrki til starfsnáms í öðru Evrópulandi. Á skólaárinu fóru 3 nemendur í starfsnám erlendis.

Það er stefna tónlistardeilda að efla kennara- og starfsmannaskipti. Margir kennrarar deildarinnar hafa efnt til mjög mikilla og gjöfulla samskipta, sérstaklega á hljóðfæra- og söngsviðinu. Deildin er í formlegu sambandi við nokkra skóla vegna sameiginlega meistaranaámsins NAIP og BAD verkefnisins og á þeim vettvangi er að sjálfsögðu tölувert um skipti og samstarf.



LISTKENNSLUDEILD



Nemendur

Nemendur við listkennsludeild voru 34 haustið 2018, þar af 29 konur og 5 karlmenn. Er það fjölgun frá fyrra ári sem nemur 26% en 2017 voru nemendur óvenju fáir. Listrænn bakgrunnur kennara-nemanna var margbreylegur að vanda og samanstóð hópurinn af tónlistarmönnum, leikurum, dönsurum, hönnuðum og myndlistarmönnum af ólíkum sérsviðum.

2018-19 útskrifuðust alls 22 nemendur þar af tveir með viðbótardiplómu til kennsluréttinda í leikskóla. Eru það fyrstu nemendur sem útskrifast með þau réttindi þar sem fyrst var boðið upp á slíkt viðbótarnám haustið 2018. Útskriftarátið var haldin í Menningarhúsunum í Kópavogi og var það í annað árið í röð.

Starfsfólk

Á árinu voru fjórir akademískir starfsmenn í fastri stöðu við deildina auk deildarforseta.

Fastráðnir starfsmenn deildarinnar voru sjö í tæplega 4 stöðugildum. Alls komu 34 stundakennrarar og gestafyrirlesarar að starfi deildarinnar skólaárið 2018 – 19 í þeim 40 námskeiðum sem í boði voru ásamt 30 viðtökukennurum í grunn- og framhaldsskólam.

Akademísk starfsemi

Vorið 2019 var opnað fyrir umsóknir inn á nýja námsleið í listmiðað kennaranám. Námið er opið öllum sem lokið hafa BA gráðu og áhuga á listum. Námið miðar að því að mennta fólk sem hefur lokið námi á almennum fræðasviðum en vill nota aðferðir lista í kennslu. Markmiðið er að bjóða nám þar sem hópur fólks úr ólíkum fræðigreinum vinni í þverfaglegu samtali að þróun kennslu með áherslu á aðferðir lista með sem víðtækustum samfélagslegum og hugmyndafræðilegum skírskotunum. Undirtektir voru mjög góðar.

Deildin fór í gegnum sjálfsmatsferli vorið 2019. Niðurstöður þeirrar vinnu hefur verið gerð opinber á heimsíðu skólans. Í kjölfarið var sett fram aðgerðaplan og eru helstu áherslur þar til næstu fimm ára meðal annars að:

- Leggja meiri áherslu á starfendarannsóknir í deildinni bæði fyrir kennara og nemendur.
- Sækja í rannsóknarsjóði til samstarfsverkefna og rannsókna á sviði myndlæsing, líkamlegrar gagnrýnnar hugsunar og sjálfbærni í listum og listkennslu.
- Þróa áfram námsmat sem byggist á umsögnum, leiðsagnar- og jafningjamati og rannsaka þróun náms við afnám einkunna í tölu.
- Finna leiðir til að auka vægi og tíma til vettvangsnáms.

Markmiðin tengjast heildarsýn deildarinnar sem og rannsóknaráherslum kennara. Deildin hefur það áfram að markmiði að styrkja og efla starfsþróun fyrir listkennara og listamenn. Með virku sambandi við fagfélög, listkennara og Rannsóknarstofu í listkennslufræðum byggist upp sterkt samfélag listkennara og listamanna sem sinna rannsóknum og þróunarverkefnum á sviði listkennslu í viðum skilningi.

Sumarið 2018 hlaut listkennsludeild veglegan styrk frá ERASMUS+ áætluninni til þess að þróa námsefni og námskrá að nýrri námslinu á meistarstigi við listkennsludeild Listaháskóla Íslands í samstarfi við háskóla í Evrópu. Verkefnið ber titilinn Listskópun og samvinna: Leiðir að virkni og velferð (e. Social inclusion and Well-being through the Arts and Interdisciplinary Practices (SWAIP). Listaháskóli Íslands stýrir verkefninu, sem er unnið í samstarfi við Háskólann í Porto, Háskólann í Alicante, Háskólann í Herfordshire, Myndlistarakademíuna í München, Metropolia háskólann í Helsinki og AEC samtök tónlistarháskóla í Evrópu.

SVIÐSLISTADEILD

Í sviðslistadeild eru fjórar námsbrautir. Þrjár brautir eru til 180 eininga bakkalárgráðu, samtímadansbraut, sviðshöfundabraut og leikarabraut og ein meistaránámsbraut í sviðslistum. Sviðslistadeild Listaháskólans staðsetur sig í alþjóðlegu faguhverfi sviðslista. Deildin er tvítyngd, í deildinni er tölud íslenska og enska en tvær af fjórum brautum deildarinnar eru alþjóðlegar námsbrautir þe. Samtímadansbraut eða Contemporary Dance Practices og meistaránám í sviðslistum eða MFA in Performing Arts.

Nemendur

Nemendur við deildina voru 62 veturinn 2018-2019. Alls voru skráðir 62 nemendur, 43 kvk nemendur og 19 kk nemendur.

Í bakkalárnám í sviðslistum eru nýir nemendur teknir inn tvö ár af þremur og eru því að jafnaði tveir árgangar í grunnnámi á hverjum tíma. Á meistaránámsbraut eru nemendur teknir inn á hverju ári.

Leikarabrautin taldi 20 nemendur.

Samtímadansbraut taldi 3 nemendur.

Alþjóðleg samtímadansbraut 9 nemendur.


Sviðshöfundabraut taldi 23 nemendur og 3 skiptinema.

Meistarnámsbraut í sviðslistum taldi 7 nemendur.

Útskrifaðir nemendur 2019 voru 29, þar af voru 3 á samtímdansbraut, 10 á leikarabraut, 9 á sviðshöfundabraut og 7 á meistaránámsbraut í sviðslistum.

Vorið 2019 bárust 246 umsóknir inn í Sviðslistadeild: 131 á leikarabrautina, 57 á alþjóðlegu samtímadansbrautina, 39 á sviðshöfundabraut og 23 á meistaránámsbraut í sviðslistum.

10 nemendur voru teknir inn á leikarabraut, 11 nemendur inn á alþjóðlegu samtímadansbrautina, 13 á sviðshöfundabraut og 11 nemendur inn á meistaránámsbraut í sviðslistum.



Starfsfólk

Töluverðar breytingar voru á föstu starfsliði deildarinnar á skólaárinu en deildin auglýsti tvær stöður á leikarabraut vorið 2018 og kjölfar ráðninga urðu frekari breytingar á föstu starfsliði leikarbrautar. Ráðin voru inn Halldóra Geirharðsdóttir prófessor og Guðmundur Ingi Þorvaldsson lektor en nýir starfskraftar á leikarabraut voru Vala Ómarsdóttir kennari í hreyfingu og Kristjana Stefánsdóttir í söngþjálfun. Á vorönn var deildarforseti í rannsóknarleyfi en fagstjóri samtímadansbrautar var þá starfandi forseti. Ráðinn var aðjúnkt í dansi Ásgeir Helgi Magnússon í 100% starf á vorönn 2019. Þá var deildarfulltrúi sviðslista í barnseignarleyfi.

Starfsfólk deildarinnar 2018 – 2019 voru: Alexander Roberts, lektor í sviðslistum með áherslu á rannsóknir. Ásgeir Helgi Magnússon, aðjúnkt í samtímadansi. Ásgerður Gunnarsdóttir, lektor í sviðslistafræðum. Björk Jónsdóttir, aðjúnkt í söng. Egill Ingbergsson, tæknistjóri. Guðmundur Ingi Þorvaldsson, lektor með áherslu á samtímasviðslistir og fagstjóri leikara- brautar. Karl Águst Þorbergsson, lektor í sviðslistum og fagstjóri sviðshöfundabrautar. Kjartan Valdimarsson, meðleikari. Halldóra Geirharðsdóttir, prófessor í leiktúlkun og fagstjóri leikarbrautar. Kristjana Stefánsdóttir, aðjúnkt í söng. Snæbjörg Sigurgeirs dóttir, aðjúnkt í rödd. Steinunn Knútsdóttir, forseti sviðslistadeildar. Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri dansbrautar og starfandi deildarforseti. Una Þorleifsdóttir, lektor í sviðslistum og fagstjóri sviðshöfundabrautar. Vala Ómarsdóttir, aðjúnkt í hreyfingu. Vigdís Másdóttir, verkefnastjóri. Guðny Rúnarsdóttir leysti Dagmar Atladóttur af sem var í barnseignarleyfi sem deildarfulltrúi.

Fyrir utan hina fastráðnu kennara voru yfir 100 innlendir og erlendir stundakennrarar, fyrirlesarar og gestir sem komu að starfi deildarinnar.



Nýir kennsluhættir

Sviðslistadeild hefur á síðastliðnum árum unnið ákveðið í að breyta námsmenningu innan deildarinnar með fjölbreyttum aðgerðum. Markmiðið með aðgerðunum var að valdefla og auka ábyrgð nemenda og stuðla að jafnræði og inngildinu í vinnubrögðum. Sem lið í því átaki var öllum kennurum deildarinnar boðið til námskeiða og þjálfunar í maí og ágúst 2018 auk þess sem allir fastir kennarar sóttu kennara seminar í Malmö. Siðareglur leiðbeinenda voru gerð sýnileg í öllum kennslurýmum og aðgerðir formgerðar til að mæta umkvörtunum nemenda vegna kennsluháttar. Mikil vinna var lögð í skrásetningu á verkferlum varðandi nýtt námsmat deildarinnar sem hefur verið þróað eftir að tölueinkunnir voru lagðar af í deildinni 2015.

Húsnæðismál

Sviðslistadeild flutti starfsemi sína af Sölvhólsgötu á Laugarnesveg í ágúst 2018. Framkvæmdir í Laugarnesi hófust sumarið 2018 og þegar deildin flutti inn í Laugarnesið í ágúst 2018 voru framkvæmdir enn í fullum gangi og er enn ekki lokið ári síðar. Salir í Laugarnesi henta einkar vel fyrir sviðslistir og er fullbúið stórt sviðslistarými, svartur kassi, mikilvæg viðbót við aðstöðu sviðslistanáms á háskólastigi. Nýtt húsnæði og nálægð við myndlistadeild og listkennsludeild býður upp á marga möguleika til samlegðar og samstarfs þvert á deildir. Nýrri staðsetningu fylgja bæði möguleikar og áskoranir.

Alþjóðasamstarf

Alþjóðasamstarf í deildinni var öflugt og fóru bæði kennarar og nemendur erlendis í skiptinám og/eða starfsþjálfun erlendis. Gestanemendur og kennarar frá erlendum menntastofnunum voru tíðir gestir í skólastarfinu, deildin er þáttakandi í erlendum samstarfsverkefnum og sviðslistahátíðum þvert á lönd og álfur. Deildarforseti var í formaður Norteas 2017 – 2019 og í forsvari fyrir stóru norrænu samstarfsverkefni um sjálfbærni sviðslistanna sem spennaði tvö skólaár. Verkefnið hafði two hápunkta á skólaárinu, 100 nemenda námskeið í Leiklistarakademíunni LMT í Vilnius með þáttöku nemenda og kennara úr skólum Norteas netsins og stórt kennara seminar í Leiklistarskólanum í Malmö (Lund University) fyrir kennara Norteas netsins með þáttöku allra fastra kennara sviðslistadeildar.

Allir annars árs nemar deildarinnar byrjuðu skólaárið á námskeiðum erlendis; í Vilnius á námskeiðinu Sustainability of the Performing Artist á vegum Norteas eða á Naip (New audiences and Innovative Practices) námskeiði í Groeningen Hollandi um þverfagleika en kennarar sviðslistadeildar voru hluti af kennararteymi verkefnanna tveggja. Meistaranám í sviðslistum og Naip í tónlistardeild eru hluti af tveggja ára samstarfsverkefni LHÍ, Óperudeild UniArts í Stokkhólmi og Tónlistarháskólanum í Groeningen. Verkefnið kallast BAD og fjallar um þverfaglegar áherslur. LHÍ var gestgjafi fyrir BAD námskeið á vorönn 2019 og sendi nemendur á námskeið í Groeningen sumarönn 2019. Inntökunefnd dansbrautar ferðaðist til Berlínar og Stokkhólms vegna inntökuprófa alþjóðlegu dansbrautar LHÍ. Fyrir utan samstarfsverkefni sem hér er getið fóru 5 nemendur úr sviðslistadeild í skiptinám á skólaárinu og 16 styrkir voru veittir úr Erasmus + starfsnámsstyrk til útskrifaðra nemenda.

Samstarf

Sviðslistadeild Listaháskólans er í góðum tengslum við grastrót íslenskra sviðslista og er einnig í samstarfi við helstu sviðslistastofnanir og hátiðir í landinu eins og Þjóðleikhúsið, Leikfélag Akureyrar, Útvarpsleikhúsið, Íslenska dansflokkinn, Lokal alþjóðlega leiklistarhátíð og Reykjavík Dancefestival. Á skólaárinu var haldið þriggja daga málþing í samstarfi við sviðslistahátíðina Everybody's Spectacular en málþingið var skylda fyrir alla nemendur sviðslistadeildar og opið almenningi. Útvarpsleikhúsið fékk leikskáldið Sölk Guðmundsdóttur til að skrifa útvarpsverk fyrir útskriftarárgang leikarbrautar og varð því leikstýrt af Erlungi Jóhannessyni. Verkefnið er liður í samstarfsamningi deildarinnar og útvarpsleikhússins. Einn nemandi samtímadansbrautar var í starfsnámi í Borgarleikhúsinu, fyrist hjá Íslenska dansflokknum og tók síðan þátt í uppsetningu LR á Ríkharði Þriðja. Sviðslistadeild átti samstarf við Leikfélag Akureyrar og Þjóðleikhúsið um útskriftarsýningu leikarbrautar en hver stofnun lagði til listamenn og aðstöðu fyrir verkefnið sem var frumsýnt á Akureyri og síðar sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu.

Framtíðarstefna

Í sviðslistadeild erum við forvitin um kveikjur, sköpun, stefnumót, samhengi og ólík sjónarhorn sviðslistanna og sviðslistafólksins

Í sviðslistadeild höfum við skilning á hlutverki okkar innan fagumhverfi sviðslista sem fæðingarheimili þekkingar og griðarstaður rannsakandans

Í sviðslistadeild höfum við áræðni til að nýta okkur þær aðferðir vísindanna sem nýtast okkur og hafna þeim sem þvælast fyrir okkur en einnig til að skapa og finna upp nýjar rannsókaraðferðir og miðlunarleiðir

Stefna sviðslistadeilda er að

- Skapa námsmenningu sem byggir á inngildingu, umhyggju og skilningi?
- Takast á við hnattrænar umhverfislegar áskoranir?
- Hvetja til listrannsókna í fagumhverfi sviðslista á Íslandi?
- Þróa kennsluhætti sem styrkja síðfræðileg gildi í fagumhverfi sviðslistanna?
- Þróa kennsluskrá sem tekur mið af fjölbreytileika, jafnrétti og inngildingu

Sviðslistadeild ætlað sér að

- Styrkja samfélag kennara innan sviðslistadeilda?
- Styrkja samstarf við fagvettvang sviðslista?
- Styrkja samtarf við nærumhverfi sviðslistadeilda?
- Styrkja alþjóðlegt samstarf?
- Styrkja þverfaglegt samstarf innan listaháskólans?



